

2. gr.

5. liður 5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

5. Umsóknargjald, kr. 10.000,—

Sé umsókn um einkaleyfi ekki á íslensku, ber umsækjanda enn fremur að senda ráðuneytinu gjald fyrir þýðingu af umsókninni, sem það þá lætur gera. Enn fremur getur ráðuneytið, ef því þykir þess þörf, krafist þess, að umsækjandi afhendi þýðingu á íslensku af þeim fylgiskjölum, er umsókninni fylgja, og því eru send á erlendum tungumálum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 12 20. júní 1923, til að öðlast gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld breyting á reglugerð um sama efni nr. 151 17. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ**um veiðar í þorskfisknet.****1. gr.**

Á tímabilinu 1. febrúar til 15. maí 1979, er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum, án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. eða úthlutun þeirra, þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a., að ekki fái leyfi skip, er á ákvæðnu tímabili hafa stundað aðrar veiðar, eins og t. d. loðnuveiðar.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, sem rísa af af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. janúar 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.